

Fundargerð

Árið 2025, föstudaginn 22. ágúst kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir (á Teams), Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir (á Teams), Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir 2. lið; frá HLH ráðgjöf; Haraldur L. Haraldsson.

Gestir fundarins undir 7. lið; Hólmfríður Sveinsdóttir og Jóhanna Sigurjónsdóttir sérfræðingar á skrifstofu sveitarstjórnar, stafrænna innviða og byggðamála í innviðaráðuneytinu.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

Í upphafi fundar minntist Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður ráðgjafarnefndar Elínar Pálsdóttur fyrrverandi forstöðumanns Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en Elín lést þann 9. ágúst sl.

Elín varð forstöðumaður Jöfnunarsjóðs árið 1990 þegar sjóðurinn tók til starfa í núverandi mynd. Hún lét af störfum árið 2016 eftir langt og farsælt starf. Í trúnaðarstörfum sínum fyrir Jöfnunarsjóð ávann hún sér mikils trausts meðal sveitarstjórnarfólks um land allt. Þá gat hún sér alls staðar góðs orðs fyrir kurteisi og hlýja framkomu.

Minning um traustan samstarfsfélaga mun ávallt lifa.

1. Fundargerðir

16. og 30. júní.

Lagðar voru fram til samþykktar fundargerðir frá 16. og 30. júní 2025.

Fundargerðir frá 16. og 30. júní 2025 voru samþykktar án athugasemda.

2. Rekstrarniðurstöður sveitarfélaga og þjónustusvæða

Gestur fundarins, Haraldur L. Haraldsson, fór yfir niðurstöður í úttekt á fjárhagsstöðu sveitarfélaga og rekstur þjónustu við fatlað fólk. Upplýsingum var safnað á árunum 2023 og 2024, sagði hann sveitarfélögin standa á tímamótum í þjónustuháttum við fatlað fólk. Fyrir liggja gríðarlegt magn upplýsinga fyrir sveitarfélögin að rýna í. Miklar umræður urðu um úttektina og var rætt um að helstu niðurstöður hennar yrðu kynntar á árfundi sjóðsins þann 1. október n.k.

Ásta Stefánsdóttir yfirgaf fundinn.

3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2025

Lagðar voru fram til kynningar breytingar á greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2025. Áætlunin byggir á forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2025, endanlegum útsvarsstofni sveitarfélaga á árinu 2024 vegna tekna úr ríkissjóði og áætluðum útsvarsstofni sveitarfélaga árið 2025 vegna framlaga sem tengjast yfirfærslu grunnskóla og fatlaðs fólks. Breyting á áætluninni varðar áætlaðar tekjur úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð á árinu 2025 en samkvæmt nýrri áætlun er gert ráð fyrir því að tekjur úr ríkissjóði hækki um 874 m.kr.

4. Sameiningar sveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Árneshrepps og Kaldrananeshrepps, dags. 21. ágúst 2025, þar sem óskað er eftir framlagi til að standa straum á kostnaði vegna könnunarviðræðna um sameiningu sveitarfélaganna.

Hvort sveitarfélag um sig hefur skipað tvo fulltrúa í verkefnisstjórn og samið hefur verið við KPMG ehf. um ráðgjöf og stuðning við hana. Áætlaður heildarkostnaður við að kanna hvort grundvöllur er fyrir sameiningarviðræður sveitarfélaganna er 9.845.000 kr. sbr. kostnaðaráætlun.

Samkvæmt vinnureglum sjóðsins nr. 869/2024 er gert ráð fyrir að kostnaður vegna könnunarviðræðna geti að hámarki numið 12,5 m.kr. vegna tveggja sveitarfélaga.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita Árneshrepp og Kaldrananeshrepp framlag vegna framangreindrar vinnu að fjárhæð 9.845.000 kr.

5. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir

Áætlun 3

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu 3. áætlun að úthlutun framlaga vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða árið 2025.

Á grundvelli laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga úthlutar Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlagi til þeirra sveitarfélaga sem bjóða nemendum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum. Forsenda þess að til úthlutunar komi er að sveitarfélög bjóði nemendum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir en útfærslan á því með hvaða hætti boðið er upp á þær er háð ákvörðun hvers sveitarfélags. Lögum samkvæmt taka framlög Jöfnunarsjóðs vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða breytingum í upphafi skólaárs miðað við nemendafjölda í grunnskólum 1. janúar skólaárið á undan. Eina breytingin frá fyrri áætlun er sú að í áætlun 3 hefur fjöldi nemenda verið uppfærður miðað við fjölda barna á grunnskólaaldri 1. janúar 2025 í stað 1. janúar 2024.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 3.896.300.000 kr. á árinu 2025.

6. Tekjujöfnunarframlög 2025

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga 2025 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 12. ágúst 2025.

Framlögum er ætlað að jafna tekjur sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra. Sambærileg sveitarfélög eru talin vera skv. reglum:

- a. Sveitarfélög með 70.000 íbúa eða fleiri
- b. Sveitarfélög með 12.000-69.999 íbúa
- c. Sveitarfélög með 300-11.999 íbúa
- d. Sveitarfélög með undir 300 íbúa

Við útreikning framlaganna er tekið mið af íbúafjölda sveitarfélaga 1. janúar 2025, hámarksálagningu útsvars að frádreginni hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarsstofni, hámarksálagningu

fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats og úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts.

Þá eru tekjur sveitarfélaga af meiri háttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á viðmiðunartekna í viðkomandi flokki. Jafnframt er sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðmiðunarflokks sleppt við útreikning meðaltals. Einnig eru sveitarfélög með færri en 300 íbúa borin saman við meðaltekjur í flokki sveitarfélaga með 300–11.999 íbúa enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa sveitarfélags í þéttbýli.

Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins eru framlögin aðlöguð að fjármagni til ráðstöfunar með hlutfallsreikningi og áætlað að tekjujöfnunarframlag nemi 1.400 m.kr. Gert er ráð fyrir að $\frac{3}{4}$ hlutar framlagsins komi til greiðslu í september en fjórðungur þess komi til greiðslu í árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja tillögu til ráðherra um úthlutun áætlaðra tekjujöfnunarframlaga að fjárhæð 1.400 m.kr. á árinu 2025 og að 1.050 m.kr. komi til greiðslu fyrir 1. október.

7. Rannsóknarsetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum

Hólmfróður Sveinsdóttir og Jóhanna Sigurjónsdóttir sérfræðingar á skrifstofu sveitarstjórnar, stafrænna innviða og byggðamála í innviðaráðuneytinu kynntu erindi sitt til nefndarinnar.

Þann 4. janúar 2023 var undirritaður samningur milli innviðaráðuneytisins og Háskólans á Bifröst um stuðning ráðuneytisins við uppbyggingu á rannsóknasetri um byggða- og sveitarstjórnarmál. Tilgangur setursins er að efla fræðilegar og hagnýtar rannsóknir á sviði sveitarstjórnar- og byggðamála. Gildistími samningsins er frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2025. Samkvæmt samningnum hefur háskólinn fengið árlega 6 m.kr. af Byggðaáætlun og 6 m.kr. úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. samþykkt ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs þann 15. desember 2022.

Með bréfi Háskólans á Bifröst þann 30. júní sl. er óskað eftir að samningurinn verði endurnýjaður og nái til fjögurra ára og að ráðuneytið hækki framlög um 3,6 m.kr. til að mæta hækkun almennra launa og til að hægt verði að auka vinnuframlag rannsóknasetursins um 30% og afköst þess sem því nemur.

Með vísan til f. liðar 1. gr. tekjustofnalaga nr. 4/1995 og reglum settum þeim grundvelli, veiti áframhaldandi framlag til verkefnisins. Framangreint samkomulag verði endurnýjað til þriggja ára og framlag sjóðsins nemi samtals 30 m.kr., eða 10 m.kr. á ári. Framlag ráðuneytisins af byggðaaætlun nemi samtals í 12 m.kr., eða 4 m.kr. á ári.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að framlengja samkomulagið um 3 ár, 10 m.kr. á ári.

8. Útgjaldajöfnunarframlög

Enduráætlun

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga árið 2025 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dagsett 15. ágúst 2025.

Útgjaldajöfnunarframlög eru nú enduráætluð á grundvelli þess að hámarkstekjur sveitarfélaga hafa verið uppfærðar. Það er að segja að tekjuskæðing við útreikning framlagsins hefur verið uppfærð. Miðað er við sömu forsendur og við útreikninga tekjujöfnunarframlaga fyrir árið 2024. Þegar endanlegt tekjujöfnunarframlag 2025 liggur fyrir í lok árs verður í kjölfarið útgjaldajöfnunarframlagið enduráætlað á grundvelli þess.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 16.200 m.kr. samkvæmt A-hluta og 575 m.kr. í B-hluta. Í lok árs verður svo úthlutað 225 m.kr. í B-hluta vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2025 og 50 m.kr. vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli á árinu 2025. Samtals eru því útgjaldajöfnunarframlög 17.000 m.kr. á árinu 2025.

Hagstofa Íslands endurskoðar aðferð við mat á byggðakjörnum og þéttbýlisstöðum á 5 ára fresti og hefur sú vinna átt sér stað í ár. Þeirri vinnu er ekki lokið og því er miðað við tölur frá 1. júlí 2024, en framlagið verður enduráætlað um leið og vinnu Hagstofunnar er lokið.

Nefndin samþykkti tillögu um enduráætluð útgjaldajöfnunarframlög 2025 á grundvelli nýrrar tekjuskurðingar.

9. Ný lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Umræða fór fram um nýsamþykkt heildarlög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir hagnýt atriði varðandi tímasetningar áætlana framlaganna út frá því hvenær hin ýmsu gögn verða aðgengileg, s.s. útsvarstofn, mannfjöldatölur Hagstofunnar o.fl. Reiknað er með fyrstu áætlun ársins 2026 í september næstkomandi. Sú áætlun mun m.a. byggja á útsvarsspá fyrir árið 2025.

10. Framlög vegna ÍSAT

Lagður var fram samanburður á tölum Hagstofunnar yfir fjölda barna sem njóta móðurmálskennslu vegna erlends bakgrunns við sömu tölur sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) hefur safnað fyrir Jöfnunarsjóð til grundvallar ÍSAT framlögum sjóðsins. Einnig var lagður fram samanburður við fjölda barna með erlent móðurmál sem Hagstofan safnar niður á kennitölur. Tölum Hagstofunnar og MMS/JS um fjölda sem njóta móðurmálskennslu er safnað á mjög svipaðan máta á svipuðum tíma árs, í sömu víddum og frá sömu aðilum. Þrátt fyrir þetta eru tölur MMS/JS jafnan hærri en tölur Hagstofunnar. Þá njóta í mörgum tilvikum fleiri börn móðurmálskennslu samkvæmt tölum MMS/JS en hafa erlent móðurmál samkvæmt tölfræði Hagstofunnar.

Eftir umfjöllun um misræmið á milli gagnasafnanna þriggja óskaði nefndin eftir upplýsingum frá starfsmönnum sjóðsins um hvernig framlög hefðu reiknast út miðað við hvert gagnasafn og er reiknað með því að málið verði tekið fyrir með áætlun framlaga á næsta fundi nefndarinnar þann 19. september n.k.

11. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs um breytingar á úthlutunarreglum almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks. Tillögur að breytingum á reglugerð 192/2023 voru kynntar í

Samráðsgátt í september 2024 og komu fram í kjölfar samkomulags á ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu við málaflokkinn. Í samkomulaginu kom meðal annars fram að framlög til málaflokksins ættu að byggja á samræmdu mati stuðningsþarfa og voru kynntar tvær útfærslur á því í samráðsferlinu 2024.

Meginreglan í núverandi kerfi er að framlög vegna fullorðinna notenda eru reiknuð út frá SIS-A mati, en 60 fullorðnir notendur fá framlög á grundvelli raunkostnaðar. Þetta tvöfalda kerfi skapar ójafnræði og hefur verið lagt til að afnema það. Í reglugerðardrögunum sem birt voru í Samráðsgáttinni var lagt til að hætta alfarið með kostnaðargrunn fyrir alla nema börn sem eru of ung til að fá SIS-C mat, eða að miða þá sem ekki hafa SIS-C mat við SIS-A 5.

Einstaka notendur á kostnaðargrunni geta fengið mjög há framlög, sem skapar slæma hvata og ójafnræði. Hæstu framlög á ársgrundvelli vegna fullorðinna notenda á kostnaðargrunni nema um 195 milljónum króna, á meðan hæstu framlög í SIS-kerfinu eru tæpar 46 milljónir króna. Þar sem Jöfnunarsjóður ber næstum allan kostnað (94% árið 2024) þegar notendur eru á kostnaðargrunni, minnka hvatar sveitarfélaga til hagsýni.

Lagt er til að breytingar verði innleiddar í skrefum til að gefa sveitarfélögum með marga notendur á kostnaðargrunni ráðrúm til að fá þá metna. Tillögurnar eru eftirfarandi:

- Hætt verði að bæta nýjum notendum á framlög á kostnaðargrunni frá og með árinu 2026, að undanskildum börnum sjö ára og yngri.
- Börn átta ára og eldri eigi að fá framlög á grundvelli SIS-C mats.
- Sett verði þak á greiðslur vegna notenda á kostnaðargrunni sem miðast við SIS-A flokk 18, frá og með 2026.
- Frá og með 2027 (eða 2028) hætti sjóðurinn að greiða framlög vegna notenda á kostnaðargrunni, nema fyrir börn sjö ára og yngri.

Lagt er fram til umræðu hvernig þessar breytingar myndu hafa áhrif á framlög til sveitarfélaga, þar sem áhrifin geta verið mismunandi milli sveitarfélaga.

Að lokinni umræðu var ákveðið að taka málið upp að nýju á fundi nefndarinnar þann 19. september n.k.

12. Vinnureglur

Frestað til næsta fundar.

13. Rekstrarúttektir

Frestað til næsta fundar.

14. Fasteignasjóður

Frestað til næsta fundar.

15. Ferð í haust

Frestað til næsta fundar.

16. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Frestað til næsta fundar.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 14:34.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir